



---

# Vafrakökustefna

---

Grjóthálsi 7-11 | 110 Reykjavík, Iceland | Tel +354 412 8000 | [olgerdin@olgerdin.is](mailto:olgerdin@olgerdin.is) | [www.olgerdin.is](http://www.olgerdin.is) | Vsk.nr. 11211 | Kt. 420369-7789

Vefsíða Ölgerðarinnar notar vafrakökur (e. cookies) til að tryggja sem bestu upplifun af síðunni fyrir notendur.

Stefnu þessari er ætlað að upplýsa notendur um það hvað vafrakaka er, hvernig félagið notar vafrakökur og hvernig þú getur stjórnað notkun á vafrakökum.

## 1. Hvað er vafrakaka?

Vafrakökur eru litlar textaskrár sem vefsvæðið getur sett inn á tölvuna þína eða önnur snjalltæki þegar vefsíða Ölgerðarinnar er heimsótt. Vafrakökur gera vefsvæðum kleift að þekkja tölvur notenda og því er vafrakaka eins konar stafrænt merki sem man hvar þú hefur verið á netinu.

Gerður er greinarmunur á setukökum og viðvarandi vafrakökum. Setukökur gera vefsvæðinu kleift að tengjast aðgerðum notanda á meðan hann er á vefsvæðinu. Setukökur eyðast almennt þegar notandi fer af vefsvæðinu og eru því ekki vistaðar til lengri tíma. Viðvarandi vafrakökur vistast á tölvu notanda og muna þannig val eða aðgerðir notenda á vefsvæðinu. Ölgerðin notast bæði við setukökur og viðvarandi vafrakökur.

Þá er vafrakökur ýmist fyrstu aðila kökur eða þriðju aðila kökur. Það ræðst af léni vefsvæðisins sem gerir vafrakökuna hvort hún telst fyrsta- eða þriðja aðila vafrakaka. Fyrstu aðila vafrakökur eru í grundvallaratriðum vafrakökur sem verða til á því vefsvæði sem notandi heimsækir. Þriðju aðila vafrakökur eru þær vafrakökur sem verða til á öðru léni en því sem notandi heimsækir.

Frekari upplýsingar um vafrakökur má finna á eftirfarandi vefsíðu um vafrakökur: [www.allaboutcookies.org](http://www.allaboutcookies.org).

## 2. Vafrakökur sem Ölgerðin notar á vefsíðu sinni

Ölgerðin notast við eftirfarandi vafrakökur á vefsíðu sinni, [www.olgerdin.is](http://www.olgerdin.is), í eftirfarandi tilgangi:

Tölfræðikökur (e. statistics): Tölfræðikökur eru notaðar til að greina umferð og notkun í gegnum síðuna. [11.6.18]

Markaðskökur (e. marketing): Engar kökur eru notaðar til að bjóða upp á sérsniðnar auglýsingar. Ölgerðin safnar engum upplýsingum í markaðslegum tilgangi. [11.6.18]

Í netverslun Ölgerðarinnar er auk þess notast við eftirfarandi vafrakökur:

Nauðsynlegar kökur (e. necessary): eru ómissandi til að vefsíðan virki eins og ætlast er til. [11.6.18]

Valkostakökur (e. preference): [11.6.18]

Félagið notast m.a. við kökur frá Google Analytics og í gegnum þær kökur hefur Google aðgang að þeim upplýsingum sem kökurnar safna, þ.á.m. IP tölum notenda. Google kemur þannig fram sem vinnsluaðili fyrir hönd Ölgerðarinnar í skilningi persónuverndarlaga.

Á vefsvæði Ölgerðarinnar eru einnig þriðja aðila kökur.

### 3. Grundvöllur vinnslu – hvernig hægt er að slökkva á kökum

Vinnsla þeirra persónuupplýsinga sem safnast með nauðsynlegum kökum er byggð á lögmætum hagsmunum Ölgerðarinnar, endar virkja þær kökur eiginleika sem verða að vera til staðar til að hægt sé að nota vefsvæðið eins og til er ætlast.

Vinnsla þeirra persónuupplýsinga sem safnast með notkun á öðrum vafrakökum er hins vegar byggð á samþykki þínu. Þegar þú heimsækir vefsvæðið í fyrsta skipti birtist borði þar sem þú ert beðin/n um að samþykkja þær vafrakökur sem félagið notast við.

Þú getur hvenær sem er afturkallað þetta samþykki þitt með því að loka á kökur á vefsíðunni eða eyða þeim úr vafra þínum. Það kann hins vegar að hamla virkni síðunnar að einhverju leyti.

Það er mismunandi milli netvafra hvernig breyta á vefkökum, en nánari upplýsingar má nálgast á eftirfarandi tenglum:

- Google Chrome: <https://support.google.com/accounts/answer/32050>.
- Internet Explorer: <http://support.microsoft.com/kb/278835>.
- Firefox: <https://support.mozilla.org/en-US/kb/delete-cookies-remove-info-websites-stored>.
- Safari: [https://support.apple.com/kb/PH21411?locale=en\\_US](https://support.apple.com/kb/PH21411?locale=en_US)

Notir þú aðra vafra ættir þú að geta fundið upplýsingar um stillingar á vafrakökum á vefsíðu vafrans.

Þá er hægt að slökkva á notkun á vafrakökum Google Analytics með því að ýta á þennan tengil: <https://tools.google.com/dlpage/gaoptout>

### 4. Varðveislutími vefkaka

Flestar af vafrakökum þeim sem Ölgerðin notar eru setukökur en þær eyðast þegar notandi fer af vefsvæðinu.

### 5. Nánari upplýsingar um persónuvernd – uppfærslur

Félagið getur frá einum tíma til annars breytt stefnu þessari í samræmi við breytingar á viðeigandi lögum eða vegna breytinga á því hvernig félagið notast við vefkökur.